



# DEILISKIPULAG JAÐARSBAKKA, AKRANESI. BREYTING



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:1.500

## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Núverandi bygging
- Bygging fjarlægð
- Hverfisvernd
- Girðing /hlið
- Leiksvæði, grenndarvöllur í landi bæjarins
- Bilastæði
- Bilastæði - fjöldi
- Stigi
- Gangstétt
- Gata
- Göngustígar- bundið slitlag
- akfær göngustígur
- Göngustígar- óbundið slitlag
- Gróður
- Svæði fyrir laugar og heita potta (nýtt tákn)



AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005-2017, 1:10.000

Deiliskipulag Jaðarsbakka var samþykkt í bæjarstjórn Akraness 13. desember 2005. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðan og á ein þeirra við þann hluta þess, sem hér er fjallað um, þ.e. stækkun byggingarreits áhorfendastúku.

Áformað er að koma fyrir baðlaugum á Langasandi suður af áhorfendastúku Akranesvallar. Undir stúkuni verða byggðir upp búningaklefar og snyrtingar aðgengilegar almenningi auk veitingaaðstöðu. Uppbyggingin verður áfangaskipt og felur ekki í sér stækkun mannvirkisins. Útsýnispallur og laugar verða á stöllum frá gólfhæð búningaklefa niður á sandinn og verður neðsta laugin sjólaug.

Mannvirkið verður innan hverfisverndarsvæðis Hv4 skv. aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Samkvæmt ákvæðum um hverfisvernd Hv4 má setja upp minniháttar byggingar með aðstöðu vegna baðstrandarinnar á Langasandi. Öll mannvirki [innan hverfisverndarsvæða] skulu taka mið af umhverfi og hlutverki svæðanna og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni þeirra, bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar.

Laugarnar verða gerðar ofan á og utan á manngerðum sjóvarnargarði efst á sandinum og hafa því engin áhrif á ósnortið land. Á svæðinu eru engar fornminjar.

### Breytingar á skipulagsupprætti

Á skipulagsupprætti er afmarkaður reitur fyrir laugar og heita potta sunnan áhorfendastúku. Nýtt tákn fyrir laugasvæði er sett í skýringar.

### Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð deiliskipulagsins.

### Áhrifamat

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við ákvæði aðalskipulags um hverfisverndarsvæðið á Langasandi. Breytingin stuðlar að eftirtöldum markmiðum deiliskipulags Jaðarsbakka:

- Að gera Jaðarsbakka að eftirsóttu íþrótt- og útivistarsvæði.
- Að bæta útivistaraðstöðu almennings við Langasand.

Breytingin er umfangslítill og hefur ekki áhrif á aðra landnotkun. Fyrirhugaðar laugar eru fjarri næstu nágrönnum og hafa engin áhrif á næstu íbúðarbyggð. Líkleg áhrif breytingarinnar eru jákvæð gagnvart byggð, bæjarlífi og nýtingu útivistarsvæðis.

Breyting þessi er óveruleg sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ bæjarstjórinn á Akranesi

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_